

**94.. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
18. desember 2018 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson varamaður, Ragnar B. Sæmundsson varaformaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir aðalmaður, Vilborg Guðbjartsdóttir fulltrúi stjórnenda Brekkubæjarskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Ágústa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1705211 - Fimleikahús Vesturgötu.

Kynning á framvindu á framkvæmdum við fimleikahúss við Vesturgötu.

Vilborg Guðbjartsdóttir deildarstjóri í Brekkubæjarskóla, Ágústa Rósa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Erla Ösp Lárusdóttir fulltrúi foreldra barna í Brekkubæjarskóla og Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði sitja undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð bakkar góða kynningu á framvindu í framkvæmdum við byggingu fimleikahúss. Ráðið leggur áherslu á að fyrirhugaðar framkvæmdir við búningsherbergi fari fram meðan á lokun grunnskólans stendur og vonast til að ekki verði truflun á grunnskólastarfi við upphaf starfsársins í ágúst 2019. Ráðið óskar eftir því að hugað verði að mótvægisaðgerðum varðandi útisvæði Brekkubæjarskóla.

2. 1710019 - Brekkubæjarskóli - endurbætur á húsnæði á annari hæð.

Kynning á hönnun og framkvæmdum við breytingar á annari hæð Brekkubæjarskóla.

Vilborg Guðbjartsdóttir deildarstjóri í Brekkubæjarskóla, Erla Ösp Lárusdóttir fulltrúi foreldra barna í Brekkubæjarskóla og Karl Jóhann Haagensen verkefnastjóri á umhverfis- og skipulagssviði sitja undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð bakkar góða kynningu á framvindu endurbóta á húsnæði Brekkubæjarskóla og fagnar þeim ákvörðunum að halda áfram endurbótum á húsnæði skólans.

3. 1812068 - Frístundamiðstöð við Garðavöll.

Kynning á stöðu mála í framkvæmdum við frístundamiðstöð við Golfvöll.

Frístundamiðstöð er í byggingu við Garðavöll og miðar framkvæmdum vel.

Samkvæmt húsaleigusamningi milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis er markmið samningsins að byggja upp heilsárs frístundamiðstöð fyrir félags- og frístundastarf þ.e. fyrir starfssemi GL og aðra notendur sem hafa það að markmiði að reka félagaðstöðu, félagssvæði og þjónustu í samræmi við fyrirmyn darfélag ÍSÍ bæði hvað varðar þjálfun barna, ungmenna og afreksfólks. Einnig vegna starfs sem

QS

snýr að almenningsíþróttum og félags- og frístundastarfi á vegum Akraneskaupstaðar, jafnframt félags- og frístundastarfi sem skipulagt er af eða í samáði við Akraneskaupstað. Samkvæmt leigusamningi fer teymi skipað fulltrúum Akraneskaupstaðar og framkvæmdastjóra GL með úthlutun á afnotum af húsnæðinu. Drög að tímatöflu liggja nú fyrir.

Guðmundur Guðjón Sigvaldason framkvæmdastjóri golfklúbbsins Leynis situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar góða kynningu á framvindu í framkvæmdum við frístundahús við golfvöll.

Drög að tímatöflu lögð fram til kynningar, tímataflan er opin og nánari útfærsla verður unnin í samráði við hagsmunaaðila s.s. fulltrúa ÍA og eldri borgara.

4. 1812034 - Styrkir 2018- menningar- og íþróttamál

Umfjöllun um umsóknir um styrki til íþróttamála. Umsóknarfrestur rann út 16. desember 2018.

Umsóknir lagðar fram og afgreiðslu vísað til næsta fundar í janúar 2019.

5. 1812049 - Sérkennsla á vorönn - Garðasel

Umsókn um sérkennslu á vorönn 2019

Skóla- og frístundaráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu í bæjarráði og beinir til ráðsins að afgreiðslan leiði ekki hækkunar nýsamþyktrar fjárhagsáætlun 2019.

6. 1809049 - Sérkennsla á vorönn - Teigasel.

Umsókn um sérkennslu á vorönn 2019.

Skóla- og frístundaráð samþykkir erindið og vísar til afgreiðslu í bæjarráði og beinir til ráðsins að afgreiðslan leiði ekki hækkunar nýsamþyktrar fjárhagsáætlun 2019.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Ragnar Þorvaldsson
 Kristinn H. Steinsson
 Sandra M. Sigurjónsdóttir